GIFTINGALEYFIS-SELD SELD | TEL. GERÐUR LETUR GLEYPTUR

Th. Johnson
Watchmaker, Jeweler & Optician
Allar viðgerðir fljótt og vel af hendi leystar
248 Main Street
Phone Main 6606 WINNIPEG, MAN

Heimskringla.

Fáið upplýsingar um
PEACE RIVER HÉRAÐIÐ og DUNVEGAN
framtíðar bóndaból héraðsins
HALLDORSON REALTY CO
710 McIntyre Block
Phone Main 2844 WINNIPEG MAN

XXVIII. AR. WINNIPEG, MANITOBA FIMTUDAGINN, 23. APRÍL 1914. Nr. 30

SIR RODMOND P. ROBLIN

Ræða Sir R. P. Roblins

í Neepawa 16. Apríl.

Bindindislöggjöf fylkisstjórnarinnar.

Ræða þessi var flutt í sambandi við útnefningargildi, sem Hon. J. H. Howden fylkislögmanni var haldið í Neepawa á á fimtudagskveldið var. Svarar ræða þessi sem næst öllum þeim mörgu spurningum, sem spunnist hafa út af bindindismála-prætu pólitisku flokkanna. Er hún eitt hið sanngjarnasta yfirlit yfir stefnu beggja flokkanna í þessu máli. Birtum vér hana því í heilu lagi einsog hún hefir komið út í ensku blöðunum.

Eftir nokkur inngangsorð, er að allega hnigust að útnefningu Hon. J. H. Howdens, fórust honum orð á þessa leið:

——— Herra forseti! Nú í undanfarna tvo manuði hefi eg verið fjarverandi (vestur í Californiu), og er mér svo sagt, að mikið hafi verið aformað og margt gjört meðan eg var burtu. Sú fregn hefir mér borist, að vinir minir, Liberalarnir hér í fylkinu, hafi kastað mér af baki sem foringja Conservativa og í orði kveðnu gengið svo langt, að setja í minn stað leiðtoga sinn, sem stjórnarformann þessa fylkis, og tekið til sín myndugleika til að segja fyrir um löggjöf fylkisins í framtíðinni.

Má eg geta þess, að eg hefi ekki fylst miklum áhyggjum yfir þessum tíðindum, — og hefi ekki mikl ar áhyggjur enn út af þeim, því eg ætla að geta þess, að eg álít það tæpast vera áhyggjuefni, hvað þeir segja eða hafast að.

Eg get sagt það eitt, fólki til skýringar og vinum mínum og stvrktarmönnum, að áður en þeir geta skipað það sæti, sem mér hefir verið fengið af kjósendum minum, eftir hverjar almennar kosningar, verður að halda almenna atkvæðagreiðslu um það í fylkinu, og er má þeta því við, að eftir núverandi lögum er kjörtími núverandi þingmanna ekki útrunninn fyr en í ágúst 1915, svo að ef þingmenn sitja út sinn ákveðna tíma, er gúmt ár og brú mánuðir til stefnu, þangað til þeim gefst færi á, að leita almenns álits um það mál, og auk heldur þá hugsa eg þeir finni, að þeir verði einnig að leita mins samþykkis líka. — Sjálfur er eg ekki með áhyggjur og álit að vinir mínir ættu ekki að vera það heldur, því strax og til kosninga verður efnt, verður öllum það greinilega gefið til kynna.

Mér er sagt, að vinir minir og samverkamenn í bindindismálum fylkisins hafi kvatt til almenns fundar og komið saman til að íhuga, á hvern hátt bezt mætti ella bindindi, hósemi og borgaralega skyldurækni hér í Manitoba. Og þykir mér vænt um, sem bindindismanni, að finna, að áhugi er nógur fyrir því máli meðal fólks til þess að leggja fram fé og tíma til slíkra fundarhalda.

Vinir vorir Liberalar hafa einnig haldið allsherjarfund, fylkis-flokksþing, og er mér sagt, að þar hafi komið þúsund saman, — þeirra sterkustu, beztu og hefustu menn þeir sátu á ráðstefnu í tvo daga, eða lengur og sömdu sér stefnuskrá, er þar leggja nú fram fyrir kjósendur fylkisins til staðfestingar og samþykkis.

Herra forseti, eg hefi lesið þessa stefnuskrá, — og hefi lesið fundarskýrslur þessar einsog þær hafa birst í fréttablaði þeirra, og með tilhlýðilegri hógværð og litillæti, vil eg geta þess, að oft hefir mér hlotnast hrós og traustsyfirlýsingar áður, frá vinum og stjórnmálamönnum, en enn sem komið er, allri minni þjónustu fyrir hið opinbera, hefir aldrei fyr né síðar verið gjörð skýlausari traustsyfirlýsing á stefnu Conservativa, en með þessum fundarsamþyktum Liberala.

Í vissum skilningi get eg ekki sagt, að mig furði neitt á þessu vegna þess, að í sannleika var ekki hægt fyrir þá að semja nokkra yfirlýsingu, er snert gæti dómgreind og skynsemi kjósendanna, nema með þessu móti, að fylgja minni forsjá og fyrirmælum. Mér er óhætt að fullyrða, að ekkert Conservative félag þessa fylkis mér er sama, hvað snjall sá maður væri, sem settur hefði verið til þess, — hefði getað samið traustsyfirlýsingu, er sæmt hefði mig meira hrósi, en þessi yfirlýsing flokksfundarins gjörir.

(Framhald á 4. síðu)

Irsku málin.

Einsog sagt var frá hér í blaðinu, þegar uppreistin varð í brezka hernum og flestir herforingjar sögðu af sér, heldur en að þurfa að taka þeim skipunum, að leggja til orustu móti Ulster búum, — var hermálaráðgjafa Seely kent um, hvað óhönduglega hefði til tekist. Sagði hann þá af sér, og leit þá helzt svo út, sem til uppreistar mundi leiða. Æsingar urðu miklar meðal manna, og gengu sumir svo langt, að telja afgjörða stjórnarbyltingu óhjákvæmilega.

Þá tók stjórnarformaður Asquith málin í sínar hendur, tók sjálfur að sér hermálaráðgjafa embættið, lagði miður þingmensku og gekk fyrir kjósendur sína í Fife-kjördæminu, að leita samþykkis þeirra á þessum gjörðum sínum. Höfðu Unionistar í heitingum, að gjöra honum ervitt með kosningu, en það fór alt á annan veg. Er til þess kom, treystust þeir ekki, að setja neinn á móti honum, og var hann því kosinn gagnsóknarlaust. Við þann atburð sló vindi úr seglum æsingamanna. Fór fólk að átta sig á því, að ekki væri það þjóð og landi holt, ef herinn kæmist upp með það, að setja sig yfir þing og þjóð og láta sig engu skifta skipanir stjórnarinnar. Og að nauðsyn bæri til, að í hvað sem færi yrði stjórnin að ráða.

Carson hélt uppi stöðugum heræfingum og lét í veðri vaka, að Ulster búar yrðu ekki sóttir heim. En fremur fór að draga úr áhuga, er málum var aftur komið í horf, og nú um páskaleytið var sagt, að ekki rækti helmingur manna æfingar, er áður höfðu sótt þær. Þá kvisaðist líka, að ekki myndi jafn margir norður þar eins mótfallnir heimastjórnarmálinu og látið hefði verið. Eru nú helzt líkur til, að alt jafni sig friðsamlega og ekki komi til upphlaupa.

Mexikó.

Þar er nú farið að verða sögulegt á síðustu tímum, og hefir þar gengið þó töluvert á nú lengi. En nú lítur svo helzt út, að í ófrið ætli að draga með Huerta, einvaldsherra Mexico, og Bandarikjunum. Hefir Wilson forseti lengi verið hægur að gjörða, og beðið þess, að eitthvað lagaðist þar syðra. Hefir hann hlotið nóg ámæli fyrir seinlæti sitt, í ýmsum blöðum, bæði hér í álfu og á Englandi. Hafa ýmsir viljað láta hann hlutast til um mál þar syðra og brjóta niður uppreistina. Mest að þeim kolum hafa Bretar blásið bæði fyr og síðar. En ekki varð það gjört án þess, að í blóðugan bardaga væri farið, og var Wilson óðús, að stevpa Bandarikjunum í stríð. Í vetur hefir hann haft erindsreka sinn þar syðra, Jón Lind, og hefir hann setið í Vera Cruz, aðal hafnbæ Mexico. Þar á höfninni hafa einnig legið nokkur her skip Bandamanna, til þess að vernda þá Bandarikjamenn, er búa þar í bænum. Flota þeim stýrði Mayo aðmíráll. Nokkru norðar er hærinn Tampico, annar mesti hafnarbær á austurströnd Mexico. Þar lágu nokkur skip Bandamanna, og fyrir þeim flota réð Badger aðmíráll. Þessi skip við Tampico voru höfð til þess, að halda friði við landamærin milli Texas og Mexico.

Af innanríkis ófriðnum skiftu Banadamenn sér ekkert, en Wilson sat við sinn keip, að neita að viðurkenna nokkra löglega stjórn í landinu, fyrr en ófriði væri lokið, og óhlutdrægar kosningar gætu farið fram.

En svo kom atvik fyrir þann 10. þ. m., sem nú virðist ætla að leiða til opinbers ófriðar milli ríkjanna. Að morgni þess 10. fóru nokkrir Bandarikjamenn á bát frá herskipunum úti á Tampico höfninni og réru í land. Þeir voru ekki fyrr á land komnir, en þeir voru gripnir höndum og hnepttir í hald. Badger aðmíráll sendi strax skevti til Mexico borgar og heimtaði af Huerta, að mennirnir væru látnir lausir. Önnur krafan kom frá Washington. Var mönnunum slept; en aðmíráll Badger heimtaði, að beðist væri sætt fyrir gjörræði þetta, og að virkin við Tampico væri látin heilsa Bandarikjaflagginu með 21 byssuskoti. En undan því færðist Huerta, og sendi Wilson forseti honum þá skipun, að ef hann ekki yrði búinn að láta sýna Bandarikja flagginu þá sæmd, sem því bæri, fyrir að hafa óvirt það með handtöku skipsmannanna, — fyrir hádegi á manudaginn þann 20. þ. m., þá yrði höfnum öllum lokað. En frest þann lét Huerta liða hjá, svo nú hafa foringjar sjóliðsins fengið þá skipun, að leggja strax suður.

Á þriðjudaginn lagði Wilson forseti fyrir Congressið skipun um, að það legði svo fyrir, að öllum höfnum á Mexico yrði lokað fyrir öllum siglingum. Var samþykt gjörð þess efnis og er nú landið sett í herkvi.

Búist er við, að í stríð fari nú á hverri stundu.

Einsog við var að búast, gat forseti Bandarikjanna ekki liðið það, að þessi Mexico skrill sýndi opinbera óvirðing Bandarikja þjóðinni, er verið hafði hlutlaus af málum þeirra þar syðra, en hafði skip sín þar einungis til að verndа líf og eignir borgara sinna og Evrópu þjóðanna. Enda mælast gjörðir hans vel fyrir. Það sem mælir bezt með þeim hjá Englendingum og Frökkum, er það, að tími sé til kominn, að Bandamenn skerist í leikinn. Segja ensk blöð, að Englendingar eigi um $300,000,000 virði í eignum og lánum í Mexico, og standi þeir sig illa við að tapa þessu fé, en nú séu þó nokkrar líkur til, að til þess þurfi ekki að koma, ef Bandamenn taki landið. En dýr verður sá friður, því ekki kemst þar neitt skipulag á, fyrr en búið er að leggja að velli báða flokka þar syðra, er nú berast á banaspjótum.

* * *

Fréttir að sunnan í morgun (22. þ. m.) segja, að Bandamenn hafi tekið Vera Cruz herskildi á þriðjudagskveldið, en Mexicanar, undir forustu Maas hershöfðingja, hafi veitt harða móstöðu marga klukkutíma. Af Bandamönnum féllu fjórir og tuttugu særðust, en sagt að fallið hafi og særst mikið fleiri af Mexicó mönnum.

Kringlur.

"Nefndarálitið um rannsóknina í Grand Trunk járnbrautarmálinu var samið af tveimur mönnum," segir Lögberg. "Öðrum sem verið hefir í þjónustu Conservative flokksins, og alþektur flokksmaður, hinn sem verið hefir í þjónustu C. P. R. og altaf verið á móti G. T. félaginu." Rýrir það nokkuð gildi nefndar álitsins.?

* * *

"Þú skalt ekki stela," segja Mosesar lög. Lögberg sem ekki hefir hingað til elskað, "hærri kritik" telur boðorð þetta úrelt og vill yngja það upp, í þarfir hinna "frjálslyndu" í Ottawa. "Þú skalt ekki stela, nema úr landssjóði í sambandi við Grand Trunk." Það máttu taka $40,000,000 og heita samdar maður samt.

* * *

Nú er mikið talað um, "Alópata bindindi." Það eru vínsölulög þeirra Norris og brennivíns stórkaupmannanna. Brennivínið á ekki að vera látið úti í dropatali, heldur í potta og tunnutali. Þeir segja að þeir hlakki til þessarar réttarbótar Elnar brúsi og Þórir þömb.

* * *

Lögberg er reitt við Roblin fyrir það að hann á að hafa sagt að vínnautn sé eitt með öðru sem auðkenni menn frá hinum lægri dýrum. Virkilega! Eru dýrin lögst í drykkjuskap með þeim þarna norður á Lögbergi.?

* * *

Það er vondur kvilli að vera með kýli, einkum ef það meinar manni að geta sezt. En verri kvilli er það þó, að vera með vatn á heilanum.

* * *

Enn er það óvíst hver í leikflokk Liberala fær "tyrkjann góða." En sá á að fá hann sem best leikur "Hinn íbrandi ræningja." Sagt að þeir sem tapa eigi að fá vindil.

* * *

Lögberg spyr, að því hvernig á því standi að nú tæki Bordenstjórnin það óhjákvæmilegt að leggja $35,000,000 til herkostnaðar strax, en það hefir dreyist til þessa og ekkert tjón orðið að? Ástæðan er ofur einföld og hana ætti Lögberg að vita. Árið 1911 létu Liberalar all vígabarðalega og þóttust vera mannsterkir. Hélt stjórnin að nauðsynlegt gæti orðið að hafa eftirlit með þessum óaldarflokk. En svo reyndist þetta allt saman mikillæti. Mannafli þeirra var enginn og síðan 1911 hefir altaf verið að smá draga af þeim, svo aldrei hefir þurft á neinni auka friðargæzlu að halda. Hefir það því ekki komið að sök þó ekki væri lagt fram aukafé þetta til herkostnaðar, árið 1911.

Úr Bænum

Hr. Gísli kaupmaður Sigmundsson, frá Hnausum, kom til bæjarins um helgina. Með honum komu að norðan Stefán Halldórsson og Jón Sigurðsson. Voru þeir í verzlunarerindum.

Samkoma Únitarasafnaðarins á sumardaginn fyrsta ætti að verða vel sótt. Sjá auglýsingu í þessu blaði.

Kvenfélag Skjaldborgar safnaðar vonast til að fólk muni eftir samkomu safnaðarins, í Skjaldborg, sumardagskveldið fyrsta, (23. þ. m.).

Næsta sunnudagskveld verður umræðuefni í Únitarakyrkjunni: Sumar í sál. — Allir velkomnir.

Thorst. Johnston, fiólin kennari hefir ákveðið að hafa skemtisamkomu (concert) með nemendum sínum hér í bæ þann 30. þ. m. Samkoman verður haldin í Good Templara salnum og auglýst í næsta blaði

Vér vildum minna fólk á sumarmála samkomu Tjaldbúðarsafnaðar er auglýst var í síðasta blaði. Samkoman verður haldin í nýju kyrkjunni, Victor og Sargent, og byrjar kl. 8., sumardagskveldið fyrsta, (23. þ. m.)

Þann 20. þ. m. urðu þau hjón, Mr. og Mrs. J. H. Johnson í Glenwood, fyrir þeirri sorg, að missa úr skarlatsveiki yngsta son sinn, fjórtán mánaða gamlan, Bárð að nafni, — föðurnafn. Sigurðar Bárðarsonar hómöopatha og Kristjáns sál. bróður hans, föður mrs Þorbjargar Johnson, móður barnsins.

Guðmundur Norðmann frá Brú, var hér á ferð um helgina. Sagði hann að sáning væri nú rétt byrjuð þar vestra, þeir fyrstu hefðu byrjað um miðja vikuna. En vegna kuldans hvað hann ekki vera orðið plóg þýtt þar á ökrum.

Snorri Sívertson er búið hefir lengi í Grafton, N. Dak. kom hér við um helgina. Hefir hann nú verið árlangt vestur í Sask. skamt frá Saskatoon, þar sem hann hefir unnið hjá Norskum hjarðeiganda. Ætlaði hann sér að skjótast snögga ferð suður, en ekki gjörði hann þó ráð fyrir að tefja þar meira en nokkra daga. Fer hann þá vestur aftur. Þessi Norðmaður er Snorri vinnur hjá þó áður syðra, hjá Grafton, en nú hefir hann tvo afar stóra búgarða vestra. Er annar 5 sectionir eða 3,200 ekrur að stærð. Býr hann þar sjálfur með fólki sínu. En hinn búgarðurinn er rúmar 11,500 ekrur Mest stundar hann skepnurækt er hefir verið honum afar ábótasöm.

Vér vildum vekja athygli fólks að samkomu auglýsingu safnaðarkvenfélagsins í Fyrstu lút. kyrkjunni. Samkoman verður á sumardagskveldið fyrsta, og er mikið til hennar vandað.

Mrs. Björn Sigurðsson, frá Hensel, N. Dak., kom hingað til bæjar með dreng á 13. ári, son Mr. og Mrs. Tryggva Jónssonar, hjá Hensel, til að leita honum lækninga. Þau komu hingað fyrra þriðjudag. Drengurinn var skorinn upp fyrra fimtudag við meinsemd í hálsi og nefi, og á laugardaginn áftur við kviðsliti. Drengnum hefir heilsast mæta vel og er nú á góðum batavegi. Engar nýungar að sunnan, en vorvinna byrjuð almennt.

Látinn sagði hún. Eggert bónda Gunnlaugsson, við Akra, einn með eldri landnemum þar. Lætur hann eftir sig ekkju og 3 börn, öll fulltíða. Eggert var ættaður úr Skagafirði.

Miss Steinunn Stefánsson, kennari við barnaskólann í Kildonan, hefir legið veik undanfarandi vikur. Er hún nú á góðum batavegi, og hefir von um, að geta byrjað kenslu aftur innan skamms.

FUGLINN MINN.

Kom, litli fugl, með hljóminn heiða, bjarta.
Kom heill og sæll, en lengi beið eg þín:
Mér vaknar ljós í vetrarríku hjarta,
er vorsins líf þú syngur inn til mín:
Ti-ti-ti-ti.
Ti-ti-ti-ti.
Og eg vil með þér saman mega syngja
þau sönnu ljóð, er veröld fegra, yngja.

Í myrkvastofu sat eg hás og hljóður
en hví að minnast þess, sem liðið er?—
Nú syngur þú mér söngva, fuglinn góður,
og sál mín flýgur brautir vors með þér.
Ti-ti-ti-ti.
Ti-ti-ti-ti.
Eg fleygi burtu föggum vetrar njólu,
og frjáls og glaður líð mót degi og sólu.

Þ.Þ.Þ.